

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 13. júní 1988

um breytingu á tilteknum tilskipunum um markaðssetningu á fræi og fjölgunarefni til að kveða á um reglur við beitingu ákvæða varðandi fræ og fjölgunarefni sem uppfylla vægari kröfur

(88/332/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í eftirtöldum tilskipunum, þar sem settar eru fram kröfur fyrir markaðssetningu á fræi og fjölgunarefni, eru ákvæði sem heimila aðildarríkjunum að leyfa, í tiltekinn tíma, markaðssetningu fræs og fjölgunarefnis í flokki sem vægari kröfur gilda um eða fræs og fjölgunarefnis stofna og afbrigða sem falla ekki undir sameiginlegu skrána yfir landbúnaðar- og matjurtategundir eða innlendar skrár aðildarríkjanna yfir afbrigði og stofna:

- Tilskipun ráðsins 66/400/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykurrófufræja ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/95/EBE ⁽⁴⁾,
- Tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 87/480/EBE ⁽⁶⁾,
- Tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ⁽⁷⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 87/120/EBE ⁽⁸⁾,
- Tilskipun ráðsins 66/403/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu útsæðiskartaflna ⁽⁹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 87/374/EBE ⁽¹⁰⁾,
- Tilskipun ráðsins 66/404/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu æxlunarefnis fyrir skógrækt ⁽¹¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3768/85 ⁽¹²⁾,

— Tilskipun ráðsins 68/193/EBE frá 9. apríl 1968 um markaðssetningu efnis fyrir kynlausa fjölgun vínviðar ⁽¹³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 86/155/EBE ⁽¹⁴⁾,

— Tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja ⁽¹⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 87/480/EBE,

— Tilskipun ráðsins 70/458/EBE frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtufræja ⁽¹⁶⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 87/481/EBE ⁽¹⁷⁾;

Rétt er að samþykkja reglur um beitingu þessara ákvæða til að framkvæmd þeirra verði áhrifaríkari.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í tilskipun þessari eru í samræmi við álit fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Við 17. gr. tilskipunar 66/400/EBE bætist eftirfarandi málsgrein:

„3. Samþykkja má reglur um beitingu 1. mgr. í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.“

2. gr.

Við 17. gr. tilskipunar 66/401/EBE bætist eftirfarandi málsgrein:

„3. Samþykkja má reglur um beitingu 1. mgr. í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.“

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. C 287, 14. 11. 1986, bls. 4.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. C 7, 12. 1. 1987, bls. 298.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2290/66.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 56, 2. 3. 1988, bls. 42.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.

⁽⁶⁾ Stjútíð. EB nr. L 273, 26. 9. 1987, bls. 43.

⁽⁷⁾ Stjútíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.

⁽⁸⁾ Stjútíð. EB nr. L 49, 18. 2. 1987, bls. 39.

⁽⁹⁾ Stjútíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2320/66.

⁽¹⁰⁾ Stjútíð. EB nr. L 197, 18. 7. 1987, bls. 36.

⁽¹¹⁾ Stjútíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2326/66.

⁽¹²⁾ Stjútíð. EB nr. L 362, 31. 12. 1985, bls. 8.

⁽¹³⁾ Stjútíð. EB nr. L 93, 17. 4. 1968, bls. 15.

⁽¹⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 118, 7. 5. 1986, bls. 23.

⁽¹⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.

⁽¹⁶⁾ Stjútíð. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 7.

⁽¹⁷⁾ Stjútíð. EB nr. L 273, 26. 9. 1987, bls. 45.

3. gr.

Við 17. gr. tilskipunar 66/402/EBE bætist eftirfarandi málsgrein:

„3. Samþykkja má reglur um beitingu 1. mgr. í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.“

4. gr.

Við 16. gr. tilskipunar 66/403/EBE bætist eftirfarandi málsgrein:

„3. Samþykkja má reglur um beitingu 1. mgr. í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 19. gr.“

5. gr.

Við 15. gr. tilskipunar 66/404/EBE bætist eftirfarandi málsgrein:

„3. Samþykkja má reglur um beitingu 1. mgr. í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr.“

6. gr.

Við 14. gr. tilskipunar 68/193/EBE bætist eftirfarandi málsgrein:

„3. Samþykkja má reglur um beitingu 1. mgr. í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr.“

7. gr.

Við 16. gr. tilskipunar 69/208/EBE bætist eftirfarandi málsgrein:

„3. Samþykkja má reglur um beitingu 1. mgr. í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr.“

8. gr.

Við 33. gr. tilskipunar 70/458/EBE bætist eftirfarandi málsgrein:

„3. Samþykkja má reglur um beitingu 1. mgr. í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 40. gr.“

9. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 13. júní 1988.

Fyrir hönd ráðsins,

I. KIECHLE

forseti.
